

1. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar

Fyrsti fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 9. mars 2024 kl. 14:10 í fundarsal Háteigskirkju. Mætt eru aðalmennirnir Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Einar Már Sigurðarson, Árni Helgason, Arna Grétarsdóttir og Þuríður Björg Wium Árnadóttir. Auk þess eru mætt varamennirnir Guðni Már Harðarson, Jónína Rós Guðmundsdóttir og Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Ákveðið var að Árni Helgason yrði varaformaður stjórnarinnar.

Guðni Már er varamaður vígðra og ákveðið var að Jónína Rós yrði fyrsti varamaður leikmanna og Anna Guðrún annar varamaður.

Ákveðið var að Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður rekstrarstofu, yrði ritari stjórnar.

Gengið var frá undirritun eyðublaðs um skráningu stjórnar og ritara falið að senda eyðublaðið til Fyrirtækjaskrár Skattsins.

Ákveðið var að stjórnarfundir yrðu annan hvern þriðjudag kl. 9:00. Næsti fundur ákveðinn 19. mars kl. 9:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:30.